Skipulagsstofnun

Norðurþing
Gaukur Hjartarson
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 10. nóvember 2021
*Tilvísun: 202110022* og 202111020 / 3.5

## Efni: Breyting á deiliskipulagsáætlunum Norðurhafnar og Miðhafnarsvæðis, Norðurþing

Sveitarstjórn Norðurþings hefur, með erindi dags. 05. október 2021, sent Skipulagsstofnun breytingu á ofangreindmu deiliskipulögum til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 10. septmber 2021. Athugasemdir bárust bárust á kynningartímanum. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn þann 21. september 2021.

### Breyting á deiliskipulagi Norðurhafnar:

Deiliskipulagsbreytingin felst í að skipulagssvæðið er minnkar. Lóðir og viðlegukantur á Naustagarði og lóð slippsins áður merkt (H3) er fellt út. Einnig breytast skipulagsmörk lítillega á norðanverðu svæðinu.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000, dags. 22. september 2021.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að áður þarf að lagfæra eftirfarandi atriði:

- Gera þarf grein fyrir breyttri legu vegar um norðurhafnarsvæðið
- Skýrt þarf að vera hvaða skilmálar falla úr gildi, og hvaða skilmálar eru nýir.

Senda þarf Skipulagsstofnun lagfærð gögn til vörslu.

### Breyting á deiliskipulag Miðhafnarsvæðis, Húsavíkur:

Deiliskipulagsbreytingin felst í stækkun skipulagssvæðisins um lóðir og viðlegukants Naustagarðs og slippsins merkt H3. Gert er ráð fyrir að starfsemi verði útvíkkuð á þeim hluta svæðisins sem er næst Naustagarði. Þar er heimiluð verslunar- og þjónustustarfsemi auk hafnarstarfsemi. Norðan við dráttarbrautina er ný lóð fyrirhuguð sem þjónustuverkstæði fyrir slippinn. Einnig gerir tillagan ráð fyrir að Hafnarstétt 1-3 verði tengd með viðbyggingu sem mun loka á umferðarleið milli húsanna Í stað þeirra leiðar er gert ráð fyrir kvöð um nýja umferðarleið milli Hafnarstéttar 3 og Hafnarstéttar 5. Auk þess felur breyting í sér aðrar minni breytingar og leiðréttingar á fyrra skipulagi.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram í greinargerð dags. júlí 2021, breytt í september 2021 og á uppdrætti í mkv. 1: 500, dags. 22. september 2021.

Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til efnis vegna eftirfarandi:

- Gera þarf betur grein fyrir útvíkkun á hafnarstarfsemi H3.
- Setja þarf fram skilmála fyrir nýjan viðlegukant og gera grein fyrir umfangi hans og tilgangi.

Beðist er velvirðingar á þeirri töf sem verið hefur á afgreiðslu málsins.

Berglind Sigurðardóttir

Berglind Sigurðardóttir